

Fagráð í hrossarækt

83. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg, þriðjudaginn 8. maí 2018 kl. 11:00.

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Sveinn Ragnarsson, Erlendur Árnason, Gunnar Kristinn Eiríksson, Sylvía Sigurbjörnsdóttir, Hulda Gústafsdóttir, Siguroddur Pétursson og Þorvaldur Kristjánsson. Ingunn Reynisdóttir komst ekki á fundinn.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
 2. Breytingar á dómskala.
 3. Breyting á upprunareglugerð.
 4. Gagnasöfnun á kynbótasýningum 2018
 5. Önnur mál
1. Sveinn Steinarsson formaður fagráðs setur fundinn og býður fólk velkomið, sérstaklega var Gunnar Kristinn Eiríksson boðinn velkominn en hann kemur nú nýr inn í fagráð í stað Guðnýjar Helgu Björnsdóttur sem fulltrúi stjórnar Bændasamtaka Íslands.
 2. Farið var yfir breytingar á reglum í dómskala sem snúa að dómum á tölti og stökki. Dómar á tölti og stökki. Í dómskala kynbótahrossa hefur staðið að 8.00 sé hámarkseinkunn fyrir tölt ef ekki er sýnt hægt tölt og einnig að 8.00 sé hámarkseinkunn fyrir tölt ef eingöngu er sýnt hægt tölt. Þá þarf einkunn fyrir hægt tölt að vera að lágmarki 7.0 eigi einkunnin 8.0 fyrir tölt að nást. Þetta hefur þótt ruglandi og gerir það að verkum að í sumum tilvikum er betra að sýna ekkert hægt tölt í stað þess að sýna afar lélegt hægt tölt. Það var ákveðið í vetur að gera einnig meiri kröfur til sýninga á hægu tölti og lækka þá einkunn sem hrossið getur hlotið að hámarki ef t.d. ekkert hægt tölt er sýnt. Þetta lítur því svona út í dómskalanum núna:

7,5 er hámarkseinkunn fyrir tölt ef:
Hægt tölt er ekki sýnt.
Eingöngu hægt tölt er sýnt.
Til að hljóta einkunnina 8.0 fyrir tölt þarf einkunn fyrir hægt tölt að vera að lágmarki 7.0.
Það sama á við um stökk; að 7.5 er nú hámarkseinkunn fyrir stökk ef hægt stökk er ekki sýnt eða eingöngu hægt stökk er sýnt. Ennfremur; til að hljóta einkunnina 8.0 fyrir stökk þarf einkunn fyrir hægt stökk að vera að lágmarki 7.0. Afar fátítt er að eingöngu hægt tölt eða stökk sé sýnt. Þá þykir það mikið af upplýsingum um gangtegundirnar vanta ef þær eru ekki sýndar á hægu, að rétt sé að hafa hámarks einkunnina 7,5 í þeim tilfellum. Þá er það viðmið nú á yfirlitssýningum að ef hækka á einkunn fyrir tölt og stökk upp úr 8.0, þá þarf að sýna gangtegundirnar bæði á hægu og hraðari ferð.

3. Til að auka samræmi á dómum á íslenskum hrossum á heimsvísu var það rætt í fagráði að það væri til bóta að geta ráðið til starfa á Íslandi erlenda kynbótadómara. Þetta ættu að vera dómara sem væru virkir dómara, dómara sem væru á formannalista FEIF og það væri til bóta að gera ráðið þá til starfa á Íslandi til að auka þjálfun þeirra og þar með bæta samræmi í dómum á milli landa/sýninga. Til að þetta væri hægt var nauðsynlegt að breyta reglugerð nr. 442 um uppruna og ræktun íslenska hestsins en þar er talað um að kynbótadómara á Íslandi ættu allir að vera með framhaldsmenntun í búfjárfræðum. Þetta á ekki við alla erlenda dómara sem eru með leyfi frá FEIF sem alþjóðlegir kynbótadómara. Einnig var nauðsynlegt að breyta þeim kafla reglugerðarinnar sem lýtur að menntun dómara og uppfæra hann en FEIF hafði nýverið gert breytingu á forkröfum til dómara og gerir nú þær kröfur að allir alþjóðlegir dómara skulu hafa framhaldsmenntun í búvísindum, hestafræðum eða dýralækningum.

Í reglugerð nr. 442 um uppruna og ræktun íslenska hestsins er getið um ráðgjafanefnd í 7. grein sem skal vera ráðgefandi við mótun, framkvæmd og breytingar á þeim reglum sem getið er í viðauka reglugerðarinnar. Í nefndinni sitja núna: Ágúst Sigurðsson fyrir hönd ráðuneytisins og er formaður, Inge Kringeland sem ræktunarleiðtogi FEIF og Þorvaldur Kristjánsson sem ábyrgðarmaður hrossaræktar á Íslandi. Nefndin tók 2. grein viðaukans til endurskoðunar og lagði til eftirfarandi breytingar á henni:

Tillaga að breytingum á 2. grein viðauka við reglugerð nr. 442 um uppruna og ræktun íslenska hestsins. Breytingin snýr að fyrsta kafla greinarinnar sem heitir Starfsfólk og verksvið þess, fyrstu tveir punktarnir, en þeir eru svohljóðandi núna:

Starfsfólk og verksvið þess:

- Kynbótadómara á Íslandi skulu hafa lokið háskólagráðu í búfjárfræðum og þurfa að hafa staðist sérstakt hæfnispróf Bændasamtaka Íslands. Hvað varðar kröfur til dómara á alþjóðavettvangi þá setur FEIF reglur þar um.
- Á hverri kynbótasýningu starfa að jafnaði þrjú dómara og hafa samráð um einkunnir. Undantekningu frá fjölda dómara má gera ef hross eru 25 eða færri. Skipaður er formaður í hverri dómnefnd en hlutverk hans er að sjá til að dómstörf gangi vel fyrir sig og að niðurstaða fái st.

Lagt var til að breyta þessum tveimur fyrstu punktum á eftirfarandi veg og var það samþykkt af Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu í maí 2018:

Starfsfólk og verksvið þess:

- Kynbótadómara á Íslandi skulu hafa lokið BS-gráðu í Búvísindum, Hestafræði eða Dýralækningum og þurfa að hafa staðist sérstakt hæfnispróf Bændasamtaka Íslands. Hvað varðar kröfur til dómara á alþjóðavettvangi þá setur FEIF reglur þar um. Hvað varðar ráðningu dómara á kynbótasýningum á Íslandi má gera undantekningu á fyrrnefndum kröfum um menntun ef viðkomandi dómari er með alþjóðlegt leyfi frá FEIF til að starfa sem kynbótadómari sem gefið var út fyrir árið 2015 (upprunalegt leyfi).

Form lendar	Áslend						Jöfn	
Vöðvafylling lendar	Lítill						Mikil	
Einkunn:								
Bak:		Lend:						
Opið í reið:	Já:	Nei:	Ástæða:					
Einkunn fyrir reið:			Lokaeinkunn:					
Samræmi								
Jafnvægi	Framþungt						Framhátt	
Opið í reið:	Já:	Nei:	Ástæða:					
Einkunn fyrir reið:			Lokaeinkunn:					
Fótagerð								
Fótstaða framfætur	Sverðfætt						Hafurfætt	
Fótstaða framfætur	Aftarlega						Framarlega	
Kjúkustaða framan	Beinar						Svagar	
Þykkt sína	Lítill						Mikil	
Sinaskil	Lítill						Mikil	
Sverleiki fóta	Grannir						Sverir	
Fótstaða afturfætur	Bein						Vinkluð	
Fótstaða afturfætur	Afturstæðir						Undirstæðir	
Kjúkustaða aftan	Beinar						Svagar	

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 15:30

Við pennann: Þorvaldur Kristjánsson